

**From:** Hafdís Gísladóttir [mailto:hafdis@obi.is]

**Sent:** 7. nóvember 2007 14:55

**To:** Selma Hafliðadóttir

**Subject:** FW: Umboðsmaður Alþingis og réttindagæsla fatlaðs fólks

*Alþingi  
Erindi nr. Þ 135/180  
komudagur 7.11.2007*

Sæl Selma

Hjálagt er tölvupóstur og minnisblað sem ég sendi á allherjarnefnd þann 30. október sl.

kveðja

Hafdís Gísladóttir

framkvæmdastjóri/Director

Öryrkjabandalags Íslands

The Organization of Disabled in Iceland

Hátún 10

105 Reykjavík

netfang/email: [hafdis@obi.is](mailto:hafdis@obi.is)

sími/phone: +354 530 6700/+354 896 3445

---

**From:** Hafdís Gísladóttir

**Sent:** 30. október 2007 15:52

**To:** Birgir Ármannsson; Ágúst Ólafur Ágústsson

**Cc:** Atli Gíslason; Ellert B. Schram; Jón Magnússon; Karl V. Matthíasson; Ólöf Nordal; Sigurður Kári Kristjánsson; Siv Friðleifsdóttir; Sigursteinn Róbert Másson

**Subject:** Umboðsmaður Alþingis og réttindagæsla fatlaðs fólks

#### **Formaður og varafomaður Allsherjarnefndar**

Þann 12. október sl. áttu fulltrúar Öryrkjabandalags Íslands fund með umboðsmanni Alþingis og starfsfólki hans, þar sem lagt var fram hjálagt minnisblað.

Eins og fram kemur í minnisblaðinu hafa fulltrúar ÖBÍ áhyggjur af framkvæmd á réttindagæslu fatlaðs fólks og að hún sé ekki í samræmi við þau ákvæði sem fram koma í lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra.

Á umræddum fundi með umboðsmanni Alþingis lögðu fulltrúar ÖBÍ á það áherslu að ekki væru gerðar tillögur um að komið væri á fót sérstakri skrifstofu umboðsmanns fatlaðra heldur myndi það þjóna hagsmunum fatlaðs fólks mun betur ef skrifstofa umboðsmanns Alþingis yrði eflað í þeim tilgangi að umboðsmaður hafi það eftirlitshlutverk sem svæðisráðum og trúnaðarmanni fatlaðra er ætlað, í formi frumkvæðisathugana og markvissra aðgerða, til að tryggja réttindagæslu fatlaðs fólks.

ÖBÍ leggur áherslu á að embætti umboðsmanns Alþingis verði tryggt fjármagn á næsta ári til að kanna hvort framkvæmd á réttindagæslu fatlaðs fólks sé í samræmi við lög og reglugerðir og til að framkvæmda þær frumkvæðisathuganir sem nauðsynlegar eru til að varpa sýn á réttindagæslu fatlaðs fólks. Í framhaldi af þeirri niðurstöðu yrðu gerðar ráðstafnanir í samvinnu við ÖBÍ og umboðsmann Alþingis um framtíðar fyrirkomulag á réttindagæslu fatlaðs fólks.

Er jafnframt óskað eftir að formanni og framkvæmdastjóra ÖBÍ verði gefin kostur á að mæta til fundar nefndarinnar til að ræða þetta mál frekar.

## Minnisblað

**Vegna fundar forsvarsmanna ÖBÍ með umboðsmanni Alþingis 12. október 2007.**

### **Réttindagæsla fatlaðs fólks**

ÖBÍ, heildarsamtök fatlaðs fólks á Íslandi, lýsa yfir áhyggjum sínum af óviðunandi stöðu fatlaðs fólks er varðar réttindagæslu þess. Svo virðist sem þau úrræði sem fram koma í lögum um málefni fatlaðra og ætlað er að tryggja réttindagæslu fatlaðs fólks hafi ekki skilað sér í framkvæmd og því sé réttindagæsla mjög veikburða. Ljóst er að fatlað fólk á, stöðu sinnar vegna, mjög erfitt með að standa vörð um eigin réttindi og eru því oftast ekki undir því komin að aðstandendur annist réttindamál þeirra. Þá á fatlað fólk nánast allt sitt undir ákvörðunum stjórnvalda og því sérstaklega mikilvægt að þeim sé tryggð réttindagæsla sem felur m.a. í sér eftirlit með því að stjórnvöld fari að þeim lögum og reglum sem þeim eru sett við töku ákvaðana um réttindi og skyldur einstaklinga. Þá þurfa kæruleiðir að vera skýrar og skilvirkar.

Í lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra hefur verið gert ráð fyrir réttindagæslu fatlaðs fólks en eins og fram er komið er það dregið í efa að hálfu fulltrúa ÖBÍ að framkvæmd þeirra réttindagæslu sé með viðunandi hætti.

### Svæðisráð

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra skal landinu skipt í starfssvæði málefna fatlaðra. Á hverju starfssvæði skal starfa svæðisráð í málefnum fatlaðra, sbr. 6. gr. laganna, og skulu svæðisráð hafa eftirtalin hlutverk:

1. Að gera tillögur til félagsmálaráðuneytis og svæðisskrifstofu um þjónustu og stuðla að samræmingu hennar á svæðinu.
2. **Að hafa eftirlit með að þjónusta, starfsemi og rekstur stofnana samkvæmt lögum þessum (lög um málefni fatlaðra) séu í samræmi við markmið laganna.**<sup>1</sup>
3. Að veita félagsmálaráðneyti umsögn um svæðisáætlanir, sbr. 4. tölul. 12. gr., um uppbyggingu þjónustu fyrir fatlaða, sbr. 41. gr., og um nýja eða breytta starfsemi, sbr. 45. gr.
4. **Að annast réttindagæslu fatlaðra skv. XV. kafla, þar á meðal að fatlaðir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á.**
5. Að hafa frumkvæði að aukinni ábyrgð sveitarfélaga í málefnum fatlaðra, sbr. ákvæði 13. gr. um þjónustusamninga.

---

<sup>1</sup> Leturbreyting er undirritaðra

Um störf svæðisráða er nánar kveðið á um í reglugerð nr. 606/1998, um svæðisráð málefna fatlaðra.

#### Eftirlitshlutverk ráðanna:

- að hafa eftirlit með því að þjónusta, starfsemi og rekstur stofnanna fyrir fatlað fólk séu í samræmi við markmið laganna. Faglegt og fjárhagslegt eftirlit.
- Faglegt eftirlit m.a. með því að safna saman skýrslum um framkvæmd þjónustunnar eða með viðtölum og vettvangsheimsóknum
- Fjárhagslegt eftirlit með því að t.d. óska eftir fjárhagsstöðu einstakra stofnanna.

ÖBÍ dregur í efa að framangreindu eftirlitshlutverki svæðisráðanna sé framfylgt með þeim hætti að viðunandi sé fyrir fatlað fólk. ÖBÍ á einn fulltrúa í hverju svæðisráði og miðað við upplýsingar frá þeim fulltrúum, sér í lag á höfuðborgarsvæðinu, og samkvæmt fundargerðum svæðisráðanna verður ekki séð að störf ráðanna hafi falið í sér það eftirlit sem fram kemur í lögnum og reglugerð byggðri á þeim. Sem dæmi má nefna að mjög margir einstaklingar með geðfötlun eru án þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Ekki verður séð af fundargerðum svæðisráðanna sl. tvö ár eða skýrslum frá fulltrúum ÖBÍ sem sæti eiga í ráðunum að svæðisráðin hafi fylgst með því að fólk með geðfötlun fái þjónustu eða gert sérstakar ráðstafnir til sjá til þess að þjónusta verði tryggð.

Samkvæmt 4. tl. 5. gr. laga um málefni fatlaðra, skulu svæðisráðin annast réttindagæslu fatlaðra, skv. XV. kafla laganna. Í fyrrnefndri reglugerð um störf svæðisráðanna er fjallað um hlutverk ráðanna sem réttindagæsluaðila og skulu svæðisráðin:

- hafa eftirlit með því að fatlaðir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á, bæði almenna og sértæka þjónustu
- fjalla um kvartanir og ábendingar sem berast skriflega
- svæðisráðin skulu sérstaklega huga að stöðu fatlaðra einstaklinga sem eru sviptir lögræði og fylgjast grannt með að þeim sé skipaður lögráðamaður
- réttindi fatlaðs fólk um veitingu starfs.

Af þeim fundargerðum sem ÖBÍ hefur um fundi svæðisráðanna á höfuðborgarsvæðinu og samkvæmt skýrslum fulltrúa ÖBÍ í svæðisráðunum víðsvegar um landið þá hefur til að mynda sl. tvö ár ekki verið fjallað um réttindi fatlaðs fólk sem svipt er lögræði eða fylgst sérstaklega með því að þeim sé skipaður lögráðamaður. Hvað varðar umfjöllun um kvartanir og ábendingar sem svæðisráðin eiga að fjalla um þá er fjöldi þeirra mála sem tekin hafa verið til umfjöllunar í svæðisráðunum óeðlilega lítill miðað við fjölda fatlaðs fólk í landinu.

#### Trúnaðarmaður fatlaðra

Í XV. kafla laga um málefni fatlaðra, er fjallað um réttindagæslu fatlaðs fólk. Skv. 36. gr. laganna skulu svæðisráð í málefnum fatlaðra standa vörð um rétt fatlaðra til þjónustu samkvæmt lögnum og öðrum lögum eftir því sem við á. Starfsmenn, sem sinna þjónustu við fatlaða og starfa á stofnunum fatlaðra, skulu standa vörð um hagsmuni þeirra og gæta þess að réttindi þeirra séu virt. Í því skyni að treysta réttindi fatlaðra einstaklinga á heimilum fatlaðra, á sviði einkalífs og meðferðar fjármuna þeirra, skulu svæðisráð skipa sérstakan trúnaðarmann fatlaðra á hverju svæði, sbr. 37. gr. laganna. Hlutverk trúnaðarmanns er að fylgjast með högum hinna fötluðu og skulu forstöðumenn

viðkomandi heimila veita honum nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi. Sé um að ræða skráðar upplýsingar um persónuleg atriði eða upplýsingar um einkafjármuni hins fatlaða skal leitað eftir samþykki hans. Telji hinn fatlaði að réttur hans sé fyrir borð borinn getur hann tilkynnt það trúnaðarmanni sem veitir honum nauðsynlegan stuðning og kannar málið tafarlaust. Að lokinni könnun metur trúnaðarmaður hvort málið skuli lagt fyrir svæðisráð. Sama gildir telji trúnaðarmaður að réttur hins fatlaða sé ekki virtur. Telji aðstandendur fatlaðra, hagsmunasamtök fatlaðra eða aðrir sem láta sig hag fatlaðra varða að réttur fatlaðra á heimili fatlaðra skv. 3.–6. tölul. 10. gr. sé ekki virtur skal tilkynna það trúnaðarmanni sem kannar málið tafarlaust. Að lokinni könnun metur trúnaðarmaður hvort málið skuli lagt fyrir svæðisráð. Svæðisráð sér um að mál samkvæmt þessari grein fái þá meðferð sem við á hverju sinni, lögum samkvæmt. Trúnaðarmaður veitir hinum fatlaða stuðning við meðferð málsins sé þess óskað.

Það fyrirkomulag sem skilgreint er í 37. gr. laganna um réttindagæslu verður að teljast mjög langsótt fyrir þann einstakling sem þarf á réttindagæslunni að halda. Það ferli sem máli einstaklings er ætlað að fylgja frá því að kvörtun berst trúnaðarmanni er alltof langt og óskilvirkt. Ákveði trúnaðarmaður að málið skuli lagt fyrir svæðisráðið þá er ráðið valdalaust og hefur ekki heimild til að úrskurða í málinu og verður því að vísa því til félagsmálaráðherra sem er fyrsti aðilinn í ferlinu, frá því að kvörtun barst, sem hefur valdheimild til að úrskurða í málinu. Hið hefbundna ferli stjórnslukæru, þ.e. úrskurður lægra sett stjórnvalds til æðra stjórnvalds er því ekki fyrir hendi samkvæmt 37. gr. laganna. Kæruleiðir eru því mjög óskýrar fyrir fatlað fólk og aðstandendur þeirra.

#### Betri réttindagæsla

Þrátt fyrir þær athugasemdir sem hér eru gerðar þá leggur ÖBÍ ekki til að komið verði á fót sérstöku embætti umboðsmanns fatlaðra. Að mati ÖBÍ myndi það þjóna hagsmunum fatlaðs fólks mun betur ef skrifstofa umboðsmann Alþingis yrði eflað í þeim tilgangi að umboðsmaður hafi það eftirlitshlutverk sem svæðisráðum og trúnaðarmanni fatlaðra er ætlað, í formi frumkvæðisathugana og markvissra aðgerða, til að tryggja réttindagæslu fatlaðs fólks.

Fulltrúar ÖBÍ óska eftir samstarfi við skrifstofu umboðsmanns Alþingis með það að leiðarljósi að starfsemi skrifstofunnar verði eflað í þeim tilgangi að stuðla að betri réttindagæslu fatlaðs fólks.

Reykjavík, 12. október 2007

---

Hafdís Gísladóttir  
framkvæmdastjóri ÖBÍ